

SÖFN

*Akureyri, Eyjafjörður
og nágrenni*

MUSEUMS

Akureyri and surroundings



Akureyri



MINJASAFNSKIRKJAN

The Museum Church in Akureyri



ÍÐNAÐARSAFNIÐ Á AKUREYRI

The Akureyri Industrial Museum



MÓTORHJÓLASAFN ÍSLANDS

The Icelandic Motorcycle Museum



MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI

Akureyri Museum



FLUGSAFN ÍSLANDS

The Icelandic Aviation Museum




NONNAHÚS

Nonni's House



LEIKFANGASAFNIÐ Á AKUREYRI

The Toy Museum in Akureyri





LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI
Akureyri Art Museum



DAVÍÐSHÚS
Davíð Stefánson writer's home



AMTSBÓKASAFNIÐ Á AKUREYRI
The Municipal Library of Akureyri



NORÐURLÓÐ
Into the Arctic

Kaupvangsstræti

Þórunnarstræti

Hafnarstræti
Glerárgata

6

1

2

11



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS EYSTRA



Akureyri

1

AMTSBÓKASAFNIÐ Á AKUREYRI

The Municipal Library of Akureyri

2

DAVÍÐSHÚS

Davíð Stefánson writer's home

3

FLUGSAFN ÍSLANDS

The Icelandic Aviation Museum

4

IÐNAÐARSAFNIÐ Á AKUREYRI

The Akureyri Industrial Museum

5

LEIKFANGASAFNIÐ Á AKUREYRI

The Toy Museum in Akureyri

6

LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI

Akureyri Art Museum

7

MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI

Akureyri Museum

8

MÓTORHJÓLASAFN ÍSLANDS

The Icelandic Motorcycle Museum

9

NONNAHÚS

Nonni's House

10

MINJASAFNSKIRKJAN

The Museum Church in Akureyri

11

NORÐURSLÓÐ

Into the Arctic

Eyjafjörður

12

BYGGÐASAFNIÐ HVOLL Á DALVÍK

District Museum Hvoll in Dalvík

13

GAMLI BÆRINN LAUFÁS

The Old Farmhouse Laufás

14

HOLT - HRÍSEY

Memorial Museum of Alda Halldórsdóttir

15

HÚS HÁKARLA-JÖRUNÐAR - HRÍSEY

The House of Shark-Jörundur

16

NÁTTÚRUGRIPASAFNIÐ Í ÓLAFSFIRÐI

Ólafsfjörður Museum of Natural History

17

SÍLDARMINJASAFN ÍSLANDS Á SIGLUFIRÐI

The Herring Era Museum in Siglufjörður

18

SMÁMUNASAFN SVERRIS HERMANNSSONAR

Sverrir Hermannsson's Sundry Collection

19

ÚTGERÐARMINJASAFNIÐ Á GRENIVÍK

The Grenivík Fisheries Museum

20

ÞJÓÐLAGASETRIÐ Á SIGLUFIRÐI

The Folk Music Centre in Siglufjörður



1

AMTSBÓKASAFNIÐ Á AKUREYRI

The Municipal Library of Akureyri

Amtsbókasafnið var stofnað árið 1827 og er því rúmlega 180 ára gamalt. Samkvæmt lögum er það skylduskilasafn, sem þýðir að efniskostur þess er mun víðtækari og stærri en á mörgum öðrum bókasöfnum landsins. Hér má finna bækur, hljóðbækur, tímarit, dagblöð, skólablöð, margmiðlunarefni, tónlist á geisladiskum, kvikmyndir og fræðslumyndir á mynddiskum og myndböndum og margt fleira. Efni um Ísland er til á nokkrum tungumálum og er til skoðunar á safninu og/eða til útláns.

Á safninu eru reglulega haldnar ýmiss konar sýningar, viðburðir og fyrirlestrar. Orðakaffi er ítalskt kaffihús sem býður upp á rétt dagsins í hádeginu alla virka daga. Mikið er lagt upp úr fersku hráefni og eru allir réttir eldaðir frá grunni. Fyrir þá sem ekki vilja rétt dagsins er hægt að velja úr mörgum tegundum af panini samlokum. Auk alls þessa er mikið úrval af kökum og eftirrétum í boði. Á kaffihúsinu er notalegt að setjast niður með kaffi og lesa nýjustu tímaritin og dagblöðin. Á safninu er þráðlaust netsamband og hægt er að fá aðgang að netinu í gegnum tölvur sem eru á safninu.

The Muncial Library of Akureyri was founded in 1827 and is one of the largest libraries in Iceland. Here you can find books, audio books, magazines, newspapers, school journals, movies and documentaries and a lot more. Material on Iceland is available in several languages, and can be browsed at the library and/or borrowed.

Exhibition and lectures are regularly held. Orðakaffi, an Italian café, offers a lunch special every weekday at 12.00pm-1.30pm. They also offer a great variety of panini and cakes. A great place to sit down with a cup of coffee and the latest magazine. A wireless network is available in the library and you can also access the internet via the library's computers.

HVAR
WHERE

Brekkgata 17, 600 Akureyri

Sími/Tel. +354 460 1250 / Fax +354 460 1251
bokasafn@akureyri.is - www.amtsbok.is

Amtsbókasafnið á Akureyri



Enginn aðgangseyrir / Free admission





2

DAVÍÐSHÚS

Davíð Stefánson writer's home

Í grænum hlíðum Akureyrar rétt ofan við Amtsbókasafnið er hús sem reist var árið 1944 af einu ástsælasta skáldi Íslendinga, Davíð Stefánsyni frá Fagraskógi, sem bjó þar til dánardags 1964. Davíð var sannkallaður fagurkeri og safnari af guðs náð. Húsakynnin bera smekkvísi hans glögg merki, full af bókum, listaverkum og persónulegum munum, eins og þegar hann skildi við árið 1964, næstum eins og hans sé að vænta innan skamms. Kynnstu skáldinu í fögru umhverfi sem gerir heimsóknina að einstakri upplifun.

In the green hills of Akureyri is a house with an exciting history and a unique atmosphere of the 60's. Built in 1944 by one of Iceland's most loved poet and writer, Davíð Stefánsson, who lived there until he died in 1964. Davíð had a taste for the finer things in life and was an enthusiastic collector of art and books. His apartment is a testament to his taste, full of books, art collection and other personal articles, just as he left them in 1964. Don't forget to visit this hidden gem of Akureyri.

HVAR
WHERE

Bjarkarstígur 6, 600 Akureyri

Sími/Tel. +354 462 4162
minjasafnid@minjasafnid.is – www.minjasafnid.is / www.akmus.is

Skáldahúsin á Akureyri



akureyrimuseum

Aðgangseyrir / Admission
Frítt fyrir yngri en 18 ára / Free under 18
Hópafláttur - Safnapassi / Group discount - Akureyri Museum Pass



3

FLUGSAFN ÍSLANDS

The Icelandic Aviation Museum

Flugsafn Íslands varðveitir sögu flugs á Íslandi frá upphafi (1919) á aðgengilegan hátt. Auk áhugaverðra ljósmynda og muna eru þar flugvélar af ýmsum stærðum og gerðum. Meðal annarra sýningargripa eru sjúkraflugvélar frá ýmsum tímum, björgunarþýrla, hreyfill og hjólabúnaður breiðþotu, sviðflugur, fis, heimasníðaðar flugvélar, flugmódel og margt fleira. Allt þetta dregur upp skemmtilega mynd af flugstarfsemi Íslendinga í gegnum tíðina.

Flugsafnið varðveitir ennfreður muni sem fundust í flaki breskrar Fairey Battle flugvélar sem fórst á Tröllaskaga árið 1941. Nýjustu sýningargripir Flugsafnsins eru Dauphin-björgunarþýrla Landhelgisgæslunnar TF-SIF og stjórnklefi Boeing 727 TF-FIE, Gullfaxa, fyrstu þotu Íslendinga.

The Icelandic Aviation Museum preserves the history of aviation in Iceland from its beginning in 1919 up to the present day. In addition to many interesting photographs and exhibits on display, the museum houses various types of single and twin engine aircraft from bygone eras. Other exhibits include ambulance airplanes, the turboprop engine and the undercarriage from a wide-body jet, sailplanes, hang gliders, homebuilt aircraft, and model airplanes. Combined, the exhibits paint an interesting portrait of aviation in Iceland. Also on display in the museum are artefacts recovered from the wreck of a British R.A.F. Fairey Battle, which crashed in the mountains above Akureyri in 1941. The latest additions to the museum are a Dauphin SAR helicopter, which served with the Icelandic Coast Guard, and the cockpit of a Boeing 727, the first Icelandic jet.

HVAR
WHERE

Akureyrarflugvöllur / Akureyri Airport, 600 Akureyri

Sími/Tel. +354 461 4400, +354 896 3213
flugsafn@flugsafn.is - www.flugsafn.is

Flugsafnið Akureyri

Aðgangseyrir / Admission
Frítt fyrir yngri en 12 ára / Free for under 12



4

IÐNAÐARSAFNIÐ Á AKUREYRI

The Akureyri Industrial Museum

Á Iðnaðarsafninu er arfleifð iðnaðar á Akureyri á síðustu öld miðlað; sögð saga verksmiðjanna og þeirra sem byggðu þær upp og unnu í þeim. Á safninu má finna vélar, tæki og verkfæri auk sýnishorna af þeim varningi sem framleiddur var í verksmiðjunum. Hér má sjá allt frá smjörlíkisgerðarvélum, prentvélum og rennibekkjum til saumavéla og áhalda til úrsmíða. Einnig er á safninu fjöldi tækja og véla úr „gömlu verksmiðjunum“ sem notaðar voru til framleiðslu á vörum, þar á meðal Saxbauta, Santoskaffi og Flórusmjörliki, auk allskyns nytjahluta og iðnvarnings. Á efri hæð safnsins er sýning á hinni víðtæku fata- og skóframleiðslu sem fram fór á Akureyri á liðinni öld. Hver man ekki eftir náttkjólunum frá Írisi, Duffys gallabuxum, Skinnu mökkajökkum og Iðunnarskóm? Öll fjölskyldan nýtur þess að heimsækja Iðnaðarsafnið.

Founded to commemorate the industrial heritage of Akureyri, the museum exhibits machinery, tools of various trades and manufactured products from the last century, thus telling the stories of the factories and the people who built them and worked in them. At the Akureyri Industrial Museum you will have the chance to explore everything from different types of machinery used in the food industry, a printing press and lathes to knitting machines and watchmaker's tools. Also various utility products, food products, clothes, sheep skin, textile products and a number of other manufactured goods that were all produced in Akureyri. The entire family will enjoy the Akureyri Industrial Museum.

HVAR
WHERE

Krókeyri við/by Drottningarbraut, 600 Akureyri



Sími/Tel. +354 462 3600

idnadarsafnid@idnadarsafnid.is - www.idnadarsafnid.is



Iðnaðarsafn Akureyri



Aðgangseyrir / Admission

Frítt fyrir yngri en 18 ára / Free for under 18





5

LEIKFANGASAFNIÐ Á AKUREYRI

The Toy Museum in Akureyri

Í Leikfangasafninu í Friðbjarnarhúsi gefur að líta fjölda gamalla leikfanga úr einkasafni Guðbjargar Ringsted. Safnið var opnað þann 11. júlí 2010 en skipulögð söfnun Guðbjargar á leikföngum hófst árið 1992. Elsta leikfangið er brúða með postulínshöfuð frá því um 1880 en þarna má einnig finna gamla og snjáða bangsa, tinlest, mekkanóskip, bíla, dúkkulísur, dúkkuhús, leggi, skeljar og allskyns leikföng úr bernskunni. Uppistaðan í safninu eru að mestu leyti gjafir frá einstaklingum.

Leikfangasafnið í Friðbjarnarhúsi er upplagður staður til að upplifa bernskuna eða kynnast því hvernig leikföngin litu út þegar mamma og pabbi eða amma og afi voru ung. Leikherbergi fyrir börnin er á staðnum.

Akureyrarstofa styrkir Leikfangasafnið.

At The Toy Museum in Akureyri (Friðbjörn's house), you can see numerous antique toys from Guðbjörg Ringsted's private collection. Although this exhibition only opened its doors for the first time on 11 July 2010, Guðbjörg started collecting her toys in an organised way in 1992.

The oldest of these toys, a doll with a porcelain head, dates from around 1880, while other objects include a much-cuddled teddy bear, a tin train, a meccano ship, dolls' houses, cars, paper dolls and the bones and shells which Icelandic children used for imaginative toys in the old days, as well as all kinds of other toys.

For the most part, these articles were given to the collection by various individuals. Since there are continuous contributions of items coming from many places, the range and variety of The Toy Museum in Akureyri keeps growing from year to year.

If you would like to re-experience childhood or see what the toys of your father and mother looked like, or even those of your grandfather and grandmother, The Toy Museum in Akureyri is the perfect spot for you. There is a playroom for the young of today.



Friðbjarnarhús, Aðalstræti 46, 600 Akureyri



Sími/Tel. +354 863 4531



Leikfangasafnið



Aðgangseyrir / Admission
Frítt fyrir yngri en 16 ára / Free for under 16



6 LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI

Akureyri Art Museum

Listasafnið á Akureyri, stofnað 1993, er staðsett í hjarta bæjarins – Listagilinu svokallaða. Undir hatti Listasafnsins er einnig Ketilhúsið; fjölnota sýningarrými staðsett beint neðan við Listasafnsbygginguna. Í báðum þessum rýmum er staðið að margvíslegum myndlistarsýningum og fjölbreyttum viðburðum tengdum myndlist, sviðslistum, fræðimennsku, tónlist o.fl. Vikulega er í boði leiðsögn um sýningar í Listasafninu og/eða Ketilhúsinu auk fyrirlestra alla þriðjudaga yfir vetrartímann. Með endurvakningu Listasumars verður áherslan lögð á enn fleiri viðburði og fjölbreytileika í Listagilinu og nágrenni þess.

Akureyri Art Museum, established in 1993, is located right in the heart of Akureyri – in the so-called Listagil (art street). Under the umbrella of Akureyri Art Museum is also the Ketilhús – a multipurpose space situated right below the museum building. In both buildings various art exhibitions are set up, events and lectures held in connection to arts, theatre, music, academia, etc. Weekly guided tours are offered through the exhibitions in the Art Museum and Ketilhús as well as lectures every Tuesday during the winter. With the revival of Listasumar (Sommer Festival of the Art's) the focus will be on even more events and diversity in Listagil and its vicinity.



Kaupvangsstræti 8-12, 600 Akureyri



Sími/Tel. +354 461 2610
listak@listak.is - www.listak.is



Listasafnið á Akureyri / Akureyri Art Museum



Aðgangseyrir / Admission





7 MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI

Akureyri Museum

Saga Eyjafjarðar og Akureyrar í fjölbreyttum og fjölskylduvænum sýningum.

Akureyri bærinn við Pollinn fjallar um lífið í bænum frá 19. öld til okkar tíma með ljósmyndum og spennandi gripum. Hvað gerði fólk sér til skemmtunar eða viðurværis? – Sýningin stendur allt árið.

Jólasýning um jólasveinana 89 og jólasíði! Kíktu inn í jólasveinafjallið.

Árleg þemu. – Opín í nóvember-janúar.

Land fyrir stafni! Íslandskort 1547-1808 – Schulte Collection. Fágæt kort þar sem Ísland er jafn framandi og skrímslin sem á þeim birtast. Vertu landkönnuður og gerðu þitt Íslandskort. Árleg sýning.

Skammtímasýningar og viðburðir auglýstir á heimasíðu.

Diverse family orientated exhibitions with many hands-on objects.

Akureyri the Town by the Bay portrays the way of life in Akureyri from the 19th century to modern times with interesting objects and photographs.

– On permanent display.

Land Ahoy! – Historical Maps of Iceland 1547-1808 – Schulte Collection. Exquisite maps made by renowned mapmakers revealing how the image of the island evolved. Beware, strange sea creatures are about. –

On display annually.

The Christmas exhibition is a combination of nostalgia and playfulness explaining traditional Icelandic customs connected to the 89 yule lads.

Different themes each year.

On display in November-January

Other short time exhibitions and events are advertised online.



Aðalstræti 58, 600 Akureyri (Innbærinn – Old town Akureyri)



Sími/Tel. +354 462 4162

minjasafnid@minjasafnid.is - www.minjasafnid.is / www.akmus.is



Minjasafnið á Akureyri



akureyrimuseum



Aðgangseyrir / Admission

Frítt fyrir yngri en 18 / Free for under 18

Hópafláttur - Safnapassi / Group discount - Akureyri Museum Pass





8

MÓTORHJÓLASAFN ÍSLANDS

The Icelandic Motorcycle Museum

Glæsilegt safn sem sýnir rúmlega 100 ára sögu mótorhjóla á Íslandi. Mótorhjól víðsvegar að og hlutir tengdir mótorhjólasögu Íslands í glæsilegu 800 fermetra húsnæði sem var byggt sérstaklega undir safnið.

Safnið var stofnað í minningu Heiðars Þ. Jóhannssonar, vélhjólamanns sem lést í mótorhjólaslysi árið 2006. Heiðar átti 22 hjól þegar hann lést. Safnið var byggt og er rekið alfarið með styrkjum frá einstaklingum og fyrirtækjum.

A museum which shows the 100 year history of motorcycles in Iceland. Motorcycles from all over, objects and artefacts relating to the history of motorcycles in Iceland in a stunning 800 m2 building that was especially designed and built for the museum. The museum was founded in the memory of Heiðar Þ. Jóhannsson, an Icelandic biker who died in a motorcycle accident in 2006. Heiðar had 22 bikes when he died. The museum was built and operated for contributions from companies and individuals.

HVAR
WHERE

Krókeyri 2, 600 Akureyri

Sími/Tel. Tel: +354 866 3500, +354 466 3510
motorhjasafn@motorhjasafn.is - www.motorhjasafn.is

Mótorhjólasafn Íslands

Aðgangseyrir / Admission
Frítt fyrir yngri en 12 ára / Free for under 12



9 NONNAHÚS *Nonni's House*

Í elsta bæjarhluta Akureyrar er bernskuheimili rithöfundarins og jesúitaprestsins Jóns Sveinssonar, Nonna (1857-1944). Húsið er eitt af kennileitum Akureyrar en þrátt fyrir að byggingin sé einföld hefur hún að geyma mikla sögu lítils drengs sem hélt í ferðalag lífsins aðeins 12 ára gamall. Ferðalagið stendur í raun enn því sögurnar sem Nonni gaf út í Þýskalandi frá 1913 eru enn að koma út um allan heim. Nonni skrifaði 12 barnabækur sem þýddar hafa verið á 40 tungumál m.a. kínversku, japönsku og esperantó.

Í húsinu, sem er eitt hið elsta á Akureyri, byggt 1840-50, kynnist þú sögu Nonna og fjölskyldunnar, en það er varveitt sem dæmigert íslenskt kaupstaðarheimili þess tíma ásamt því að sýna muni úr lífi Nonna.

Notalegt safn með persónulegri móttöku á sömu lóð og Minjasafnið á Akureyri.

In the oldest part of Akureyri you will find one of Akureyri's iconic buildings. Don't be fooled by the modest look of the little black wooden house. It stores a big story, being the childhood home of the writer and Jesuit priest Jón Sveinsson, Nonni. This is where he lived during his formative years before leaving for France in 1870 to prepare to become a Jesuit priest, only 12 years old. Nonni never returned but his adventures as a boy became an inspiration for his stories which have been published in over 40 countries around the world, in such diverse languages as Chinese, Japanese and Esperanto. Built in 1850, Nonni's house is amongst Akureyri's oldest houses and is furnished accordingly with artefacts from Nonni's life and books from around the world.

A cosy museum with a personal reception. Located on the same ground as Akureyri Museum.



Aðalstræti 54, 600 Akureyri (Innbærinn – Old town Akureyri)



Sími/Tel. +354 462 4162

nonni@nonni.is – www.nonni.is / www.minjasafnid.is / www.akmus.is



Skáldahúsin á Akureyri



akureyrimuseum



Aðgangseyrir / Admission

Fritt fyrir yngri en 18 / Free for under 18

Hópafláttur - Safnapassi / Group discount - Akureyri vMuseum Pass



10

MINJASAFNSKIRKJAN

The Museum Church in Akureyri

Við Minjasafnið á Akureyri, í elsta bæjarhlutanum, stendur kirkja sem er í senn stærsti safngripur Minjasafnsins og friðuð bygging. Kirkjan var byggð 1846 af Þorsteini Daníelssyni frá Skipalóni (1796-1882), dæmigerð íslensk sveitakirkja úr timbri, íburðarlaus en stílhrein. Í því felst fegurð hennar. Hún var upphaflega á Svalbarði á Svalbarðsströnd en var flutt í Minjasafnsgarðinn 1970 á sömu lóð og fyrsta kirkja Akureyringa stóð áður. Tveir prýðisgripir eru í kirkjunni; ljósahjálmur frá 1688 og altaríafla frá 1806 eftir Jón Hallgrímsson. Messað er í kirkjunni á annan í páskum og annan í jólum. Minjasafnskirkjan er leigð út til kirkjulegra athafna og tónleika.

The Museum Church in Akureyri is located in the oldest part of Akureyri next to Akureyri Museum and Nonni's house. The church is a listed building and part of Akureyri Museums collection. It was originally located on the opposite site of the fjord, built in 1846 by Þorsteinn Daníelsson of Skipalón (1796-1882), a renowned churchbuilder in the 19th century. The beauty of the church is its simplistic architecture. It also contains two fine objects a chandelier from 1688 and an altarpiece from 1806. The church is a consecrated church still in use; on the second day of Christmas and Easter.

The church is perfect for small weddings, baptisms and concerts.

HVAR
WHERE

Aðalstræti 58, 600 Akureyri (Innbærinn – Old town Akureyri)



Sími/Tel. +354 462 4162

minjasafnid@minjasafnid.is – www.minjasafnid.is / www.akmus.is



Minjasafnið á Akureyri



akureyrimuseum



Enginn aðgangseyrir / Free admission



11 **NORÐURSLÓÐ** *Into the Arctic*

Velkomin á Norðurslóð!

Norðurslóð er samansafn ellefu áhugaverðra sýninga sem fjalla um sögu Norðursins í máli og myndum. Sýningarnar leiða gestinn í gegnum ýmis tímabil í sögu Norðursins og taka fyrir margvísleg áhugaverð viðfangsefni, svo sem landnám Íslands, dýralíf á Norðurslóðum, handverk og strandlíf svo fátt eitt sé nefnt.

Sýningarnar gefa gestinum kost á að upplifa veröld fyrri tíma með gagnvirkum og lifandi hætti en lögð er áhersla á fjölbreytt og fræðandi efni. Viðfangsefnin eru sett fram með margvíslegum hætti eins og með ústillingum, myndböndum, texta og ýmsum merkilegum gripum sem safnað hefur verið saman.

Welcome to Into the Arctic!

Into the Arctic is a collection of eleven unique exhibitions that explore the history of the Arctic through various mediums. The exhibitions lead the visitor through various periods in the history of the Arctic and take on a range of topics such as Iceland's settlement, the wildlife of the North, coastal life, Arctic exploration and the history of aviation in the North.

The exhibitions give visitors the opportunity to experience past times in an interactive and visual manner with videos, texts, images and remarkable artefacts being on display. Into the Arctic is informative and an ideal place to visit for anyone curious about history and the Arctic.



Strandgata 53, 600 Akureyri



Sími/Tel. +354 588 9050
intotheartctic@simnet.is - www.nordurslod.is



into the Arctic - Norðurslóð



Aðgangseyrir / Admission
Frítt fyrir yngri en 12 ára / Free for under 12

Eyjafjörður



ÞJÓÐLAGASETRID Á SIGLUFIRÐI
The Folk Music Centre in Siglufjörður



SÍLDARMINJASAFN ÍSLANDS Á SIGLUFIRÐI
The Herring Era Museum in Siglufjörður



NÁTTÚRUGRIPASAFNIÐ Í ÓLAFSFIRÐI
Ólafsfjörður Museum of Natural History



BYGGÐASAFNIÐ HVOLL Á DALVÍK
District Museum Hvoll in Dalvík

SIGLUFJÖRÐUR

ÓLAFSFJÖRÐUR

DALVÍK

20

17

16

12



SÓKNARÁÆTLUN
NORDURLANDS EYSTRA



HOLT - HRÍSEY

Memorial Museum of Alda Halldórsdóttir



HÚS HÁKARLA-JÖRUNDAR - HRÍSEY

The House of Shark-Jörundur



ÚTGERÐARMINJASAFNIÐ Á GRENIVÍK

The Grenivík Fisheries Museum



GAMLI BÆRINN LAUFÁS

The Old Farmhouse Laufás



SMÁMUNASAFN SVERRIS HERMANSSONAR

Sverrir Hermannsson's Sundry Collection

14 15
HRÍSEY

19 GRENIVÍK

13

AKUREYRI

18



12

BYGGÐASAFNIÐ HVOLL Á DALVÍK

District Museum Hvoll in Dalvík

Safnið er í senn byggða-, náttúrugripa- og minningarsafn um merka einstaklinga af svæðinu.

Þar eru ýmis áhöld og innanstokksmunir frá fyrri tíð og haganlega gerðir skrautmunir unnir af hagleiksfólki af svæðinu. Á náttúrugripasafninu er fjöldi íslenskra fugla og spendýra, þar sem ísbjörninn vekur mesta athygli. Minningarstofur eru um Jóhann Svarfdæling, sem var um tíma hæsti maður heims, og Dr. Kristján Eldjárn forseta.

Árið 1934 reið jarðskjálfti yfir Dalvík (6,2 á Richter). Jarðskjálftanum eru gerð skil í sérstakri stofu safnsins.

The museum's collection comprises thousands of items. The natural history collection contains a large number of Icelandic birds and mammals, the most popular of which is the polar bear.

There are exhibits on a number of people from the district who became nationally famous, such as Jóhann Pétursson, known as "the Giant", and former president Dr. Kristján Eldjárn.

One room at the museum is dedicated to the earthquake that struck Dalvík in 1934 (6.2 on the Richter scale).



Hvoll við Karlsrauðatorg, 620 Dalvík



Sími/Tel. +354 466 4928 / +354 892 1497
hvoll@dalvik.is - www.dalvikurbyggd.is/byggdasafn



Byggðasafnið Hvoll



Aðgangseyrir / Admission
Frítt fyrir yngri en 18 ára / Free for under 18





13 **GAMLI BÆRINN LAUFÁS – SÖGUSTAÐUR OG SAFN** *Laufás heritage site and museum*

Laufás er fornfrægur kirkjustaður og höfðingjasetur sem kemur við sögu skömmu eftir landnám.

Bærinn er gott dæmi um húsakynni á auðugu prestsetri fyrri tíðar. Torfbærinn á sér óslitna byggingarsögu allt aftur á miðaldir en hefur verið endurbyggður reglulega, síðast 1853-1882. Laufásbærinn er nú búinn húsmunum og áhöldum líkast því sem tíðkaðist í kringum aldamótin 1900. Eitt af sérkennum Laufáss er brúðarhúsið en þar bjuggust brúðir til brúðkaups. Laufáskirkja var byggð 1865 en er m.a. búin predikunarstól frá 1698.

Í Gestastofu Laufáss er upplýsingamiðstöð, handverks- og minjagripaverslun, örsýningar, bókahorn og léttar veitingar í notalegu umhverfi.

Bærinn er hluti af húsasafni Þjóðminjasafns Íslands en er í umsjón Minjasafnsins á Akureyri.

Laufás is a renowned church site and chieftain's residence from the settlement of Iceland (874-930). A church has been located there since the earliest stages of Christianity in Iceland. The existing church was built in 1865, among its special items is a pulpit from 1698.

The farmhouse is a good example of a wealthy vicarage in earlier times. The building history stretches back to the Middle Ages, the current one being from 1853-1882, furnished with household items and utensils from the period. One of Laufás's characteristics is the bride's chamber where brides prepared for the big event.

At the Visitor centre is information about nature and history of Laufás and the countryside. Also a handcraft and souvenir shop, light refreshments and cosy atmosphere.

The Old Turf Farm Laufás is part of The National Museum's Historic Buildings Collection but managed by Akureyri Museum.



Grýtubakkahreppur, 30 km fr. Akureyri, 20 km fr. Goðafossi



Sími/Tel. +354 463 3196 / +354 895 3172

laufas@minjasafnid.is - www.minjasafnid.is / www.akmus.is



Gamli bærinn Laufás



akureyrimuseum



Aðgangseyrir / Admission

Fritt fyrir yngri en 18 / Free for under 18

Hópafláttur - Safnapassi / Group discount - Akureyri Museum Pass



Takmarkað / LIMITED



14

HOLT - HRÍSEY

Memorial Museum of Alda Halldórsdóttir

Húsið var heimili Öldu Halldórsdóttur sem fædd var árið 1913. Hún ólst þar upp hjá móður sinni og móðurbróður. Húsið ásamt innbúi er einstök heild sem sýnir hvernig íslensk alþýðukona bjó. Sérstaða hússins er fólgin í samspili þess gamla og nýja. Einnig er þar að finna mikið af hannyrðum eftir Öldu ásamt gömlum myndum af vinum hennar og vandamönnum. Alda ánafnaði Hríseyjarhreppi eftir sinn dag Holt við við Austurveg sem vísi að byggðasafni.

This was the home where Alda Halldórsdóttir was born in 1913 and lived and grew up with her mother and uncle. The house, along with its interior, represents in a unique way a typical working-class home of that era where the new and the old meet. There you can also find a variety of handicrafts and embroidery by Alda, along with old photographs of her friends and relatives. Alda bequeathed "Holt" to the Hrísey community after her death, in order for it to be used as a memorial of times gone by.

HVAR
WHERE

Austurvegur 35, 630 Hrísey

Sími/Tel. +354 695 0077
hrisey@hrisey.net - www.hrisey.is

Kr.

Aðgangseyrir / Admission
Frítt fyrir yngri en 18 ára / Free for under 18



15

HÚS HÁKARLA-JÖRUNDAR - HRÍSEY

The House of Shark-Jörundur

Jörundur Jónsson, eða Hákarla-Jörundur eins og hann var kallaður, byggði Gamla Syðstabæjarhúsið í Hrísey 1885-86 úr timbri norskra skipa sem fórust við Hrísey þann 11. september 1884. Húsið reisti hann á Syðstabæjarhól sem nafn hússins er dregið af og þar hefur verið reist stytta af honum. Árið 1917 var húsið flutt af hólnum á þann stað sem það er nú við Norðurveg.

Í húsi Hákarla-Jörundar eru til sýnis gömul veiðarfæri og aðrir munir sem tengjast Hrísey á einn eða annan hátt.

Upplýsingamiðstöð er staðsett í húsi Hákarla-Jörundar.

Jörundur Jónsson, called Shark-Jörundur, built the house "Gamla Syðstabæjarhús" (Old southernmost house in town) in 1885-86, using timber from Norwegian ships that ran ashore near the island of Hrísey on the 11th of September 1884. In 1917 the house was moved to its current site at Norðurvegur and a statue of Shark-Jörundur commemorates the spot where the house originally stood.

In the house of Shark-Jörundur old fishing equipment and other items relating to Hrísey can be found.

Information centre is located in the house of Hákarla Jörundur.

HVAR
WHERE

Norðurvegur 3, 630 Hrísey

Sími/Tel. +354 695 0077
hrisey@hrisey.net - www.hrisey.is

Kr.

Aðgangseyrir / Admission
Frítt fyrir yngri en 18 ára / Free for under 18



16

NÁTTÚRUGRIPASAFNIÐ Í ÓLAFSFIRÐI

Ólafsfjörður Museum of Natural History

Í Pálshúsi, nýjum húsakynnum Náttúrugripasafns Ólafsfjarðar, hefur verið opnuð grunnsýningin „Flugþrá“. Þar má skoða alla íslensku fuglaflórana ásamt því að fjallað er um flugþrá mannsins og draum hans að geta flogið. Pálshús er eitt elsta hús Ólafsfjarðar en elsti hluti þess var reistur árið 1892. Í Ólafsfirði er falleg náttúra, há og brött fjöll, veðursælir dalir, góðar gönguleiðir, mikið fuglalíf og einstakt stöðuvatn.

In Pálshús, the new location of the Nature Museum in Ólafsfjörður, a new permanent exhibition called “The Desire to Fly” has been set up. This exhibition covers Icelandic bird flora and examines the human desire to take flight. Pálshús is one of the oldest houses in Ólafsfjörður, the oldest part of it dates to 1892. Ólafsfjörður boasts beautiful landscapes with steep and impressive mountains, gentle valleys, excellent hiking trails, an abundance of birdlife, and a unique lake.

HVAR
WHERE

Strandgata 4, 625 Ólafsfjörður

Sími/Tel. +354 466 2255
fjallasalir@gmail.com - www.olafsfjordur.is

Pálshús Ólafsfirði

Aðgangseyrir / Admission
Frítt fyrir yngri en 12 ára / Free for under 12



17

SÍLDARMINJASAFN ÍSLANDS Á SIGLUFIRÐI

The Herring Era Museum in Siglufjörður

Síldin var einn helsti örlagavaldur Íslands á 20. öld. Síldveiðarnar voru svo mikilvægar að talað var um ævintýri – síldarævintýrið – þegar þjóðin hvarf frá aldalangri fátækt og byggði upp nútíma samfélag.

Síldarminjasafnið er eitt af stærstu söfnum landsins. Í þremur húsum kynnumst við síldveiðum og vinnslu á sílfri hafsins. Róaldsbrakki er söltunarstöð frá 1907. Þar er flest eins og var meðan síldarfólkið bjó þar. Á góðum sumardögum er sýnd síldarsöltun og slegið upp bryggjuballi. Í Gránu er safn um sögu bræðsluiðnaðarins sem löngum hefur verið kallaður fyrsta stóriðja Íslendinga. Í Batahúsinu liggja bátar, stórir og smáir, við bryggjur. Síldarminjasafnið hlaut Íslensku safnverðlaunin 2000 og Evrópuverðlaun safna 2004, sem besta nýja iðnaðarsafn Evrópu.

An awarded maritime museum, where the “glory days” of Iceland’s herring fisheries and industry are brought back to life in three different buildings. Róaldsbrakki, a 1907 salting station and bunkhouse where, on Saturdays, a live outdoor salting show and accordion dance is featured. Grána, a 1930s-era fishmeal and oil factory. The Boathouse, the town’s thriving harbour of the 1950s with many old fishing boats at the dock. The Herring Era Museum was the winner of the Icelandic Museum Award 2000 and won the European Museum Award 2004, as Europe’s best new museum of industry and technology.



Snorrágata 10, 580 Siglufjörður



Sími/Tel. +354 467 1604 / +354 698 8415
safn@sild.is - www.sild.is



The Herring Era Museum - Síldarminjasafn Íslands



herringmuseum



Aðgangseyrir / Admission
Frítt fyrir yngri en 16 ára / Free for under 16





18

SMÁMUNASAFN SVERRIS HERMANNSSONAR

Sverrir Hermannsson's Sundry Collection

